

Um íslensku keppendurna



ANTON SVEINN MCKEE

Anton Sveinn McKee sundmaður fæddist 18. desember 1993. Anton er með BS í upplýsingafræði frá Háskólanum í Alabama þar sem hann æfði og keppti einnig með skólaliðinu. Hann syndir nú fyrir atvinnumannaliðið Toronto Titans í Kanada.

Anton Sveinn er að keppa í þriðja sinn á Ólympíuleikum. Á leikunum 2012 í London keppti Anton í 400m fjórsundi og 1.500m skriðsundi og á Ólympíuleikunum í Ríó keppti hann í 100m og 200m bringusundi. Anton tryggði sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Tokýó í 200m bringusundi en hann á best 2:10,21 í greininni.

ÁSGEIR SIGURGEIRSSON

Skotíþróttamaðurinn Ásgeir Sigurgeirsson fæddist 2. september 1985. Ásgeir útskrifaðist sem rafeindavirki úr Tækniskólanum og vinnur núna hjá Nova. Hann keppir nú á sínum öðrum Ólympíuleikum en hann tók síðast þátt á Ólympíuleikunum 2012 í London þar sem hann keppti í með loftskammbyssu af 10m færi og frjálsri skammbyssu af 50m færi. Ásgeir á yfir 20 ára reynslu af keppnum á alþjóðavettvangi og hefur komist í úrslit á öllum stærstu mótum í Evrópu.

GUÐNI VALUR GUÐNASON

Kringlukastarinn Guðni Valur Guðnason fæddist 11. október 1995. Guðni lærði rafvirkjann í tækniskólanum og kláraði sveinsprófið árið 2017. Hann stundar nú nám í íþróttufræði við Háskólann í Reykjavík samhliða æfingum og keppni.

Guðni er að keppa í annað sinn á Ólympíuleikum en hann keppti á Ólympíuleikunum í Ríó 2016 og tryggði sig inn á leikana þá með kasti uppá 63,50 metra. Guðni á best 69,35 metra sem er Íslandsmet í greininni.

SNÆFRÍÐUR SÓL JÓRUNNARDÓTTUR

Sundkonan Snæfríður fæddist 31. október 2000. Hún útskrifaðist úr Marselisborg Gymnasium í Aarhus í Danmörku 2020. Snæfríður býr nú í Álaborg þar sem hún syndir með Aalborg Svømmeklub. Snæfríður er að keppa á sínum fyrstu Ólympíuleikum fullorðinna en hún tók þátt á Ólympíuleikum ungmenna árið 2018 í Buenos Aires. Snæfríður keppir í 100m og 200m skriðsundi í Tokýó en hún náði OST-lágmarki á leikana í 200m skriðsundi þegar hún bætti Íslandsmetið í greininni og synti 2:00,50 á sundmóti í Vejle í Danmörku.

Keppnisdagskrá íslenska hópsins

Miðað er við staðartíma í Tókýó (íslenskar tímasetningar eru í sviga):

Laugardagurinn 24. júlí

13:00-14:15	(04:00-05:15)	Loftskambyssa 10m, undankeppni	Ásgeir Sigurgeirsson
15:30-16:10	(06:30-07:10)	Loftskambyssa 10m, úrslit	

Mánudagurinn 26. júlí

19:00-21:30	(10:00-12:30)	200m skriðsund kvenna, riðlar	Snæfríður Sól Jórunnardóttir
-------------	---------------	-------------------------------	------------------------------

Þriðjudagurinn 27. júlí

10:30-10:43	(01:30-01:43)	200m skriðsund kvenna, undanúrslit	
19:00-21:30	(10:00-12:30)	200m bringusund karla, riðlar	Anton Sveinn Mckee

Miðvikudagurinn 28. júlí

10:41-10:49	(01:41-01:49)	200m skriðsund kvenna, úrslit	
11:21-11:35	(02:21-02:35)	200m bringusund karla, undanúrslit	
19:00-21:30	(10:00-12:30)	100m skriðsund kvenna, riðlar	Snæfríður Sól Jórunnardóttir

Fimmtudagurinn 29. júlí

10:44-10:53	(01:44-01:53)	200m bringusund karla, úrslit	
10:53-11:04	(01:53-02:04)	100m skriðsund kvenna, undanúrslit	

Föstudagurinn 30. júlí

09:45-10:41	(00:45-01:41)	Kringlukast karla, undankeppni, hópur A	Guðni Valur Guðnason ?
10:59-11:06	(01:59-02:06)	100m skriðsund kvenna, úrslit	
11:20-12:16	(02:20-03:16)	Kringlukast karla, undankeppni, hópur B	Guðni Valur Guðnason ?

Laugardagurinn 31. júlí

20:15-21:25	(11:15-12:25)	Kringlukast karla, úrslit	
-------------	---------------	---------------------------	--